

<i>Titill:</i>	Fyrsti fundur notendahóps örgagnanotenda Hagstofunnar
<i>Fundarstaður og -tími:</i>	Hagstofa Íslands, 24.08.2015
<i>Fulltrúar Hagstofu Íslands:</i>	Ólafur Arnar Þórðarson; Anton Örn Karlsson
<i>Fundarmenn:</i>	Daníel Guðbjartsson, Íslensk Erfðagreining Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, Háskóli Íslands Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Félagsvísindastofnun Katrín Ólafsdóttir, Háskólinn í Reykjavík Kristín Harðardóttir, Menntavísindastofnun Bjarni G. Einarsson, Seðlabanka Íslands
<i>Fundarstjóri:</i>	Ólafur Arnar Þórðarson

1. Kynning á verkefni um bætta þjónustu við fræðasamfélagið.

ÓAÞ fór yfir þá vinnu sem unnin hefur verið í lykilverkefni úr stefnumótun Hagstofunnar frá árinu 2013 varðandi bætta þjónustu við fræðasamfélagið. Unnið hefur verið að fjórum megin markmiðum á þessum tíma en þau eru:

1. Hraða afgreiðslu umsókna um aðgang að trúnaðargögnum í vísindalegum tilgangi til muna.
2. Fræðimenn fái betri yfirsýn yfir gögn Hagstofunnar og hvernig þau gagnast í vísindalegum tilgangi.
3. Öruggeri umsýslu um trúnaðargögn á Hagstofunni.
4. Rödd fræðisamfélagsins sem notanda sé skýrari gagnavart Hagstofunni.

Út frá þessum markmiðum hafa verið settar upp þrjár leiðir til að bæta þjónustu við fræðasamfélagið og eru þær:

1. Breyta trúnaðargagnanefnd
2. Bætt aðgengi og öryggi ganga að danskri fyrirmynd
3. Stofnun notendahóps örgagna

2. Kynning á verkefnum á sviði örgagnaaðgangs.

AÖK kynnti þau verkefni sem Hagstofan hefur tengst á undanförunum árum á sviði örgagnaaðgangs. Verkefnin eru helst:

- Norrænt samstarf
 - Norrænn örgagnahópur

- Samnorrænn aðgangur að örgögnum
- NordForsk styrkur um lýsigögn
- Rannís styrkumsóknir
 - 2014 & 2015
- Samstarf við rannsakendur
 - Háskólinn í Southampton um rafrænt rannsóknnaumhverfi
 - Uppsetning á vinnumarkaðsgrunni að danskri fyrirmynd

3. Breytingar á trúnaðarganganefnd

AÖK kynnti fyrirhugaðar breytingar á samsetningu og starfssemi trúnaðarganganefnar. Breytingarnar eru þær helstar að nefndin mun starfa eingöngu til að taka ákvarðanir um afgreiðslu trúnaðargagna og hana munu skipta:

1. Fulltrúi notenda
 - Til að tryggja að sjónarmið notenda fái sín notið
2. Sviðstjóri þess sviðs eða þeirra sviða sem heldur utan um gögn umsóknarinnar
 - Til að gæta faglegra sjónarmiða Hagstofunnar
3. Aðferðafræðingur Hagstofunnar
 - Til að gæta aðferðafræðilegra sjónarmiða gagnvart fyrirspurninni.

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir var kjörin fulltrúi notenda í trúnaðarganganefnd og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir varamaður.

4. Umræður.

Rætt var um erindisbréf hópsins. ÓAÞ útskýrði að uppleggið væri fengið frá vinnuhópum Eurostat og umgjörð þessa notendahóps væri skref í átt að formbinda meira og skýrar slíka hópa hjá Hagstofunni. Einnig ræddi ÓAÞ um mikilvægi þess að hópurnir myndi virka sem umgjörð fyrir upplýsingamiðlun milli notenda örgagna hjá þeim stofnunum sem fulltrúar hópsins eru í forsvari fyrir og Hagstofunnar. Þannig mætti miðla upplýsingum frá Hagstofu til notenda gegnum hópinn og frá notendum til Hagsstofunnar. Mjög mikilvægt væri að fá rödd notenda til að leiða uppbyggingarstarf á þessu sviði en mikill áhuga væri hjá Hagstofunni að gera betur.

ÓAÞ nefndi einnig að framundan væru atrið sem mikilvægt væri að fá álit hópsins á og sem dæmi um slíkt væri verðlagning á örgagnaafgreiðslu og þjónustu.

Fulltrúum notenda var boðið að koma með ábendingar til Hagstofunnar og var það einhugur fundarmanna um að áherslan ætti að vera á að koma upp fjaraðgangi að örgögnum sem allra fyrst. Skynsamlegt væri að skoða sameiginlegt bakland varðandi

FUNDARGERÐ

fjármögnun aðgangs að þessu tagi og varlega ætti að fara í að setja upp skammtímalausnir þar sem slíkt festist oft í sessi.

Einnig komu fram áhyggjur af því að mögulega væri mun meiri vernd jafnvel sömu gögnunum hér og erlendis og voru SILC gögn Hagstofunnar tekin sem dæmi. Einnig virtust samkeyrslur við gögn hagstofa vera mun einfaldari annarsstaðar en hér.

Einhverjar umræða spunnust um einstök gagnasöfn og aðgengi að þeim.

Fulltrúar notenda voru hvattir til að vera í sambandi við ÓAÞ og AÖK varðandi þau örgagnaaðgengismál sem upp kunna að koma hjá stofnunum þeirra.

Næsti fundur verður haldinn í byrjun árs 2016.

Niðurstöður og ákvarðanir er varða starfsemi Hagstofunnar

Fulltrúar notenda í trúnaðargangnefnd hafa verið valdir.

Skýr áhersla er á að setja vinnu að fjaraðgangi í forgang

Mikilvægt er að allir aðilar leggja rækt við samvinnu og tvíhliða upplýsingaflæði